

Héraðsnefnd Rangæinga

Fundargerð

7. fundur Héraðsnefndar Rangæinga kjörtímabilið 2014 til 2018 haldinn í Skógum mánudaginn 8. maí 2017 kl: 13,50 Fundurinn var í framhaldi af sameiginlegum fundi með Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu sem stóð frá kl: 11:00 til kl: 13,50.

Mætt: Egill Sigurðsson, Ágúst Sigurðsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Benedikt Benediktsson, Birkir Tómasson og Guðmundur Einarsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Ársreikningar.

1.1 Ársreikningur Héraðsnefndar Rangæinga. Hagnaður af rekstri nam kr. 4.847.817, eigið fé í árslok nam kr. 278.510.122 og veltufé frá rekstri nam kr. 5.471.488. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

1.2 Ársreikningur Tónlistarskóla Rangárvallasýslu. Tap af rekstri nam kr. 2.714.118, eigið fé í árslok nam kr. 3.636.050 og veltufé frá rekstri nam kr. 1.489.578. Ársreikningurinn var lagður fram til kynningar.

2. Innsend erindi.

2.1 Erindi frá Stórólfi ehf, þar sem óskað er eftir framlengingu á leigusamningi vegna túna á Stórólfsvöllum. Erindinu frestað til júnifundar.

4.2. Erindi frá Héraðsbókasafni Rangæinga, þar sem óskað er eftir fjárframlagi á árinu 2017. Vísað er fjárhagsáætlunar 2017, þar sem gert er ráð fyrir framlagi að fjárhæð kr. 1.430.000 til Héraðsbókasafns Rangæinga.

4.3 Erindi frá Sambandi sunnlenskra kvenna, þar sem óskað er eftir fjárframlagi á árinu 2017. Samþykkt að veita sambandinu styrk á árinu 2017 að fjárhæð kr. 100.000,-

3. Málefni Stórólfsvallar.

3.1 Borist hefur kauptilboð í 212 ha lands úr landi jarðarinnar Stórólfsvallar. Tilboðsfjárhæðin hljóðar upp á kr. 76.000.000,- Tilboðið var samþykkt með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna Ásahrepps, Rangárþings eystra og Rangárþings ytra.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 15,00.

Guðmundur Einarsson fundarritari.